


# Bókasafn Mosfellsbæjar

## Ársskýrsla 2012

**Bókasafn Mosfellsbæjar**  
**Kjarna, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær**  
**S: 566-6822 og 566-6860**  
**Netfang: [bokasafn@mos.is](mailto:bokasafn@mos.is)**  
**Veffang: [www.bokmos.is](http://www.bokmos.is)**

**Marta Hildur Richter forstöðumaður**  
**Bókasafns Mosfellsbæjar og**  
**Listasalar Mosfellsbæjar**

## Almenningsbókasöfn



(Andersson og Skot-Hansen, 1994)

1.10.2009

Morgunkorn Upplýsingar Inna Magnúsdóttir

7

Hér sjást fjórir megin þættir í starfsemi almenningsbókasafna. Þættirnir eru menning, þekking, upplýsing og félagslíf/samskipti og skarast talsvert.

Í augum almennings hafa bókasöfn alltaf verið athvarf þar sem hver og einn getur komið á eigin forsendum, verið hann sjálfur, leitað þekkingar, sökkt sér niður í viðfangsefnið og fundið ró í erli dagsins.

Bókasöfn virðast vera síðasta gjaldfría athvarf samtímans, “þriðji staðurinn”.

Þar getur einstaklingurinn losnað undan áreiti og streitu umhverfisins.

Bókasöfn eru eins konar vin og minningabrot samfélags þar sem fólk hittist þvert á aldur, menningu, menntun og félagslega stöðu. Þau eru mikilvægur hluti af lýðræðissamfélagi.

Í Bókasafninu geta menn fundið rætur sínar, sögu og sjálfsmynd og öðlast samfélagsvitund í róleysi alþjóðavæðingar samtímans

Almenningsbókasöfn eru oft einu menningarmiðstöðvar viðkomandi sveitarfélaga, líkt og Bókasafn Mosfellsbæjar, og starfa samkvæmt landslögum um almenningsbókasöfn nr. 150, 2012.

Þau bjóða jafnt aðgengi allra að bókmenntum, listum, fræðslu og upplýsingum. Jafnframt bjóða þau fram efni samtímans og tækni, búnað og þjónustu sem opna augun fyrir fjölbreytni og veita alþjóðlega sýn. Bókasöfnin opna börnum ævintýraheim og örva lestrargetu þeirra og áhuga á yndislestri.

Í Listasal Mosfellsbæjar, sem er hluti af Bókasafninu, er auk þess boðið upp á kynningar á straumum og stefnum í myndlist samtímans með fjölbreyttum sýningum.

## Ársskýrsla 2012

Árið 2012 var enn nokkuð strembið fyrir Íslendinga almennt vegna hrunsins 2008. Það var samt gott og erilsamt ár í almenningubókasöfnum landsins með tilliti til starfsemi, aðsóknar og útlána.

Í Bókasafni Mosfellsbæjar og Listasal Mosfellsbæjar var nóg að gera í hefðbundinni starfsemi almenningubókasafns, auk fjölda fjölbreyttra viðburða af ýmsu tagi innan og utan afgreiðslutíma Bókasafnsins.

Útlán hafa staðið nokkuð í stað síðustu ár eftir gríðarlega aukningu árið 2009. Aðsókn var mjög góð á árinu og heimsóknunum í Bókasafnið og Listasalinn fjölgaði enn.

Samstarf við stjórnendur bæjarins var gott að vanda. Niðurskurði virðist lokið, en aðhalds og hagræðingar var enn krafist á árinu.

### Afgreiðslutími

Afgreiðslutími Bókasafnsins var frá 12-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-18 miðvikudaga, 12-18 fimmtudaga og föstudaga og 12-15 á laugardögum allt árið.

Lengja þarf aftur afgreiðslutímann um leið og fjárhagurinn leyfir, a.m.k. til 18.30.

Mosfellingar, sérstaklega námsmenn, nýttu sér að fá inngöngu á morgnana til lestrar og náms.

Upplýsingar voru gefnar í síma frá kl. 08 virka daga. Tekið var á móti grunnskólanemum og leikskólabörnum samkvæmt fyrirfram bókuðum tímum fyrir hádegi virka daga.

Listasalurinn var opinn á afgreiðslutíma safnsins, en opnanir myndlistarsýninga og viðburðir og fundir alls konar náðu yfirleitt fram yfir þann tíma.

### Aðsókn og útlán

Starfsemin hefur blómstrað og aðsókn aukist um 20% frá 2008. Útlán hafa aukist um 9,5% á sama tíma.

Sveitarfélagið verður fjölmennara með hverju árinu. Aðsókn í Bókasafnið eykst jafnt og þétt og útlán hafa aukist. Breiðari og fjölmennari hópur sækir nú safnið en áður. Umsvif Listasalar hafa aukist og eftirspurn er umtalsverð og vaxandi. Álag á starfsmenn eykst í takt við erilinn en safnið er mannað hæfu og vel menntuðu starfsfólki og því hefur starfsemin gengið vel.

**Útlán:**

Safngögn eru í margbreytilegu formi. Bækur, hljóðbækur, tímarit, dagblöð, tónlistardiskar, margmiðlunardiskar, tölvuleikir fyrir börn, DVD og myndbönd.

Heildarútlán á mánuði:

	2012	2011	2010	2009	2008
janúar	6.868		6.508	7.038	6.682
febrúar	6.944		6.733	6.445	6.338
mars	7.057		7.857	5.546	6.052
apríl	6.367		6.250	5.962	5.751
maí	6.115		6.030	6.024	5.452
júní	7.233		6.915	7.151	5.935
júlí	8.308		6.494(Lokað í 2 vikur)	9.051	7.198
ágúst	7.807		6.366	7.076	6.050
september	6.683		6.792	7.759	6.842
október	7.795		7.141	7.459	7.669
nóvember	6.698		7.120	7.200	6.513
desember	6.042		6.779	6.360	6.261
<b>Heildarútlán</b>	<b>83.917</b>	<b>84.302</b>	<b>80.985</b>	<b>84.071</b>	<b>76.743</b>

Útlán hafa nánast staðið í stað frá 2009, að undanskildu 2010 þegar safnið var lokað í tvær vikur á annasamasta útlánatímanum.

2009 var ár hástökkisins þegar heimsóknir jukust um tæplega 9.500 og útlán um liðlega 7.300 milli ára.

Á árinu 2012 var meðaltal útlána virka daga tæplega 300 og á laugardögum liðlega 100 safngögn.

Þar sem gögnum er skilað í samsvarandi magni má áætla að allt að 600 safngögn séu að meðaltali á ferðinni daglega út úr safninu og inn í það.

Bókasafn Mosfellsbæjar tekur þátt í að greiða fyrir aðgang landsmanna að stafrænum gagna- og greinasöfnum um vefinn **hvar.is**.

Á árinu 2010 sóttu landsmenn, þar með taldir Mosfellingar, alls 907.294 greinar í fullri lengd eða gagnasöfn á hvar.. Gagnasafn Morgunblaðsins er ekki inni í þeirri tölu, en þangað sóttu landsmenn alls 2.004.420 greinar í fullri lengd.

### Heimsóknir

Enn fjölgar heimsóknum í Bókasafn og Listasal. Heimsóknir eru skráðar daglega samkvæmt rafrænni talningu. Gestum hefur fjölgað ár frá ári, nema 2010 þegar safnið var lokað 2 vikur í júlí. Ekki er talið það rennsli sem kemur gegnum innganginn í Listasal þegar viðburðir eru þar í gangi

#### Heimsóknir á mánuði:

	2008	2009	2010	2011	2012
janúar		5.902		5.965	6.620
febrúar		5.807		6.090	7.264
mars		6.428		6.846	6.426
apríl		8.836		6.727	5.741
maí		6.871		5.888	6.051
júní		6.410		6.982	6.118
júlí		6.447	( Lokað í 2 vikur)	5.812	6.877
ágúst		4.843		6.567	6.984
september		5.256		5.678	6.161
október		6.301		6.998	7.397
nóvember		7.631		7.983	7.431
desember		6.814		6.883	6.805
<b>Alls</b>	<b>67.685</b>	<b>77.146</b>	<b>75.478</b>	<b>78.419</b>	<b>81.187</b>

### Gegnir og tæknir

Viðskiptavinir safnsins fá sérstakt aðgangsnúmer að bókasafnskerfinu Gegni. Þeir geta fylgst með viðskiptum sínum við safnið í útlánakerfi Bókasafnsins í gegnum tölvu hvar sem Internetaðgang er að finna. Þannig má í flestum tilvikum endurnýja lán tvisvar á netinu ef gagnið er ekki pantað, eða endurnýja í gegnum síma. Viðskiptavinir safnsins hafa flestir hverjir tileinkað sér þessa tækni, en margir kjósa að koma í safnið samt sem áður og eiga í persónulegum samskiptum við starfmenn.

### **Þráðlaust net**

Í Bókasafninu er þráðlaust Internet. Inn á það tengjast tvær leitartölvur fyrir Gegni og þrjár almenningstölvur safnsins. Tölvur starfsmanna tengjast kerfi bæjarins. Safngestir geta komið með sínar eigin tölvur og tengst Netinu endurgjaldslaust. Þetta hefur mælst vel fyrir, sérstaklega hjá námsmönnum. Einnig er hægt að fá aðgang að Netinu í almenningstölvum safnsins og er aðgangur ókeypis fyrsta klukkutímann. Tæplega 500 manns nýttu sér það á árinu, um það bil einn þriðji er erlendir ríkisborgarar.

### **Kaffi - tímaritahorn**

Safnið hefur boðið safngestum upp á kaffisopa. Hefur það verið vel þegið. Vélin er staðsett við tímaritahillurnar og safngestir fá sér gjarnan kaffisopa meðan þeir kíkja í blöð og bækur. Mikið hefur verið spurt um almennilegt "Bókakaffi" í líkingu við Súfistann og finnst bæjarbúum að slíkan stað vanti sárlega í bæinn. Með samþykki bæjarstjóra lét forstöðumaður teikna á árinu 2007 drög að "smákaffihúsi" á Torginu tengt bókasafninu. Málið er enn í biðstöðu.

### **Barna- og unglिंगastarf**

Barna- og unglिंगastarfið fór að mestu fram með hefðbundnum hætti. Ásdís Guðmundsdóttir kennari er umsjónarmaður barna- og unglिंगastarfs Bókasafnsins.

### **Leikskólar**

Sögustundir fyrir leikskólabörn voru fyrir hádegi á fimmtudögum og föstudögum. Stöku sinnum á miðvikudögum líka. Leikskólarnir panta sögustundir fyrirfram og var fullbókað bæði vor og haust. Alls mættu 344 börn í 50 sögustundir á árinu 2012. Þess utan litu leikskólahópar líka inn í heimsókn að skoða og fá lánaðar bækur. Í haust var ákveðið að sleppa leiksýningu fyrir 5 ára börn, þar sem eitt leikhúsanna í Reykjavík bauð öllum 5 ára börnum á höfuðborgarsvæðinu á leiksýningu.

### **Grunnskólar**

Öll 6 ára börn í Mosfellsbæ fá boðsbréf þar sem þeim er boðið að koma með foreldrum og fá sitt eigið bókasafns-skírteini.

Nemendur 1. bekkjar Varmárskóla komu haustið 2012, hver bekkur fyrir sig, og fengu léttu kynningu í safninu. Sami árgangur Lágafellsskóla kemur vorið 2013. Krikaskóli er að íhuga málið.

3. bekkingar skólanna fá leiðsögn um uppröðun safnsins, kynningu á merki íslensku barnabóka- verðlaunanna, skoða sýningu í Listasal og svara getraun. Heimsóknin tekur um tvær kennslustundir.

4. bekkingar fá upprifjun á fyrri kynningu og kynningu á uppröðun fræðibóka fyrir börn og unglinga. Haustið 2012 nýttu fimm bekkir sér þessa þjónustu.

5. bekkingum var boðið á rithöfundakynningu þann 17. febrúar. Úr báðum skólum mættu alls 140 börn. Gunnar Helgason leikari kom og sagði líflega frá bók sinni *Víti í Vestmannaeyjum*, fyrirmyndum að persónum og lífi sínu. Börnin komu undirbúin og spurðu hann spjörunum úr. Bæði höfundur og börn voru hæstánægð.

7. og 8. bekkingar úr Varmárskóla komu í heimsókn á haustdögum með enskukennurum sínum að kynna sér léttlestrarbækur, teiknimyndasögur og tímarit á ensku sem hentað geta þessum aldurshóp. Hver hópur var í eina kennslustund. Deildarstjóri

unglingastígs Lágafellsskóla þakkaði gott boð og áframsendi það til enskukenna skólans. Málið er væntanlega í einhverju ferli..

10. bekkingum beggja skóla var boðið 3. febrúar að hlusta á bráðskemmtilegt og fróðlegt erindi Úlfhildar Dagsdóttur um myndasögur. Nemendurnir komu í tveimur hópum, samtals 143 börn. Þau voru áhugasamir og skemmtilegir gestir.

Vinaleið Lágafellsskóla. Umsjónarkennari Vinaleiðar kom með nokkur börn í einu, í stutta lestrarstund og fjálsa stund á eftir. Alls 7 heimsóknir á árinu og samtals 20 börn.

Ritgerðavinna. Nemendur í 8. – 10. bekk grunnskólanna komu nokkuð í heimildaleit vegna ritgerða- og verkefnavinnu. Yfirleitt var efnið fest í safninu að ósk kennara og unnu nemendur verkefni þá á staðnum.

Listasalur. Leik- og grunnskólabörn sem komið hafa í sögustund eða safnkennslu hafa einnig skoðað myndlistarsýningar. Myndmenntakennari Varmárskóla hefur komið með nemendur og nýtt sýningar í kennslu.

Val á barnabók ársins. Fjöldi barna tók þátt í vali á barnabók ársins á vordögum.

Bókasafnið safnaði saman og skilaði tillögum til Borgarbókasafns.

Menningarvor. Þrjú börn sem stóðu sig best í Stóru upplestrarkeppninni í Mosfellsbæ komu og lásu fyrir gesti milli tónlistaratriða á Menningarvori í apríl.

**Sumarlestur** Umsjónarmaður barnastarfs heimsótti skólana og kynnti sumarlestur 2012 og nemendur komu í kynningu. Þátttakan var með eindæmum góð, alls tóku 256 börn þátt og lásu samtals 1608 bækur.

Á bangsadaginn var bókasafnsbangsanum Birni Lindwall stillt upp á afgreiðsluborðið og dreift var stuttri útgáfu af sögunni um Teddy Rosevelt og tilurð bangsadagsins.

Ásdís sótti fróðlega og skemmtilega barnabókaráðstefnu í Gerðubergi á árinu.

### **Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**

Kennarar skólans komu í Bókasafnið með nemendur í heimildaöflun og kynningar nokkrum sinnum yfir veturinn.

### **Aðrar heimsóknir í safnið.**

Bókasafnsfræðinemar við HÍ komu í vísindaleiðangur í Bókasafnið á vordögum, kynntu sér safnið og starfsemi þess og þáðu kaffiveitingar.

Í september heimsótti Guðrúnu Ólafsdóttir meistaranemi í bókasafns- og upplýsingafræðum við HÍ safnið til að fræðast um barna- og unglingastarf Bókasafnsins sem þykir áhugavert.

### **Þjónusta við eldri borgara**

Allir 67 ára og eldri fá skírteini endurgjaldslaust.

Eldri borgarar héldu hinn árlega jólabasar sinn í húsakynnum Listasalar og Bókasafns laugardaginn 17. nóvember. Var basarinn vel sóttur. Sýning var sama dag á tréútskurði eldri borgara. Eldri borgarar og varningur þeirra, kór eldri borgara, Vorboðarnir, og viðskiptavinir Bókasafns og basars fylltu Bókasafnið. Var mikið fjör að vanda og góð sala.

### **Bókmenntakvöld, Menningarvor og -haust**

Hið árlega Bókmenntakvöld var haldið 14. nóvember. Stólum og borðum með kertaljósum var raðað upp í safninu í kaffihússtíl. Gestum var boðið upp á kaffi, rauðvín, vatn, gos og piparkökur. Stemmningin var frábær og mættu 200 gestir að hlusta á skáldin lesa og tjá sig um menn og málefni. Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur og menntamálaráðherra stýrði umræðum að vanda eins og henni er einni lagið og beindi spurningum til rithöfundanna. Rithöfundarnir sem mættu að þessu sinni voru þau Auður Ava Ólafsdóttir, Einar Kárason, Kristín Steinsdóttir, Pétur Gunnarsson og Þórarinn Eldjárn. Þótti kvöldið vel til takast og eintaklega skemmtilegt

Menningarvor er dagskrá á vegum Tónlistarfélags Mosfellsbæjar með stuðningi og samvinnu við menningar svið Mosfellsbæjar og Bókasafn Mosfellsbæjar.

2012 var menningarvor í Bókasafninu þrjú þriðjudagskvöld í apríl: „Hernumin í Mosfellsbæ“, „Sungið og svingað“ og „Söngvaskáldið Ási í Bæ“. Bókasafnið hélt utan um viðburðina og Tónlistarfélagið setti saman tónlistardagskrár. Fleiri komu að dagskránni eins og Leikfélag Mosfellssveitar og börn úr Stóru upplestrarkeppninni.

Aðsókn að viðburðunum var allgóð.

Menningarhaust var í fyrsta sinn haldið 2012 og var skipulagt af Indriða Jósafatssyni. Einn viðburðanna voru tónleikar í Bókasafni Mosfellsbæjar, Rökkurró í vetrarbyrjun. Einnig voru við það tækifæri veitt verðlaun í ljósmyndasamkeppninni Haut í Mosfellsbæ. Vel á annað hundrað manns mættu á viðburðinn.

### **Þjónustan almennt**

Þjónusta safnsins byggir á lögum um almenningsbókasöfn, markmiðum Bókasafnsins og stefnu Mosfellsbæjar. Mosfellingar og aðrir eiga jafnan og greiðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti í aðgengilegu húsnæði. Safnið nýtir nýjustu tækni í aðgengi og þjónustu.

Gjaldfrítt þráðlaust net er í safninu fyrir einkatölvur safngesta og almenningstölvur safnsins.

Gegn framvísun eigin skírteinis eða gildandi skilríkja er hægt að fá safngögn að láni, hafi árgjald verið greitt.

Lán á bókum, tímaritum, tónlist og DVD/myndböndum eru gjaldfrjáls.

Samningar veita Mosfellingum aðgang að safnkosti Borgarbókasafns og Bókasafns Seltjarnarness og er hægt að panta flest safngögn þáðan. Skírteini keypt í Bókasafni Mosfellsbæjar gildir einnig í Borgarbókasafni og Bókasafni Seltjarnarness – og öfugt. Með nýja kerfinu, Gegni, opnaðist leið fyrir lánþega að hafa yfirsýn yfir útlánstöðu sína, panta gögn og framlengja útlán gegnum netið.

Safngestir geta sest niður víða í safninu, unnið verkefni eða kíkt í bækur, tímarit og dagblöð, skoðað sýningar og spjallað yfir kaffibolla.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þjónustu við börn og unglinga í samvinnu við grunn- og leikskóla bæjarins

Bókasafnið stóð fyrir bókmenntakynningum, rithöfundakynningum o.fl. viðburðum fyrir börn og fullorðna á árinu.

Í Listasal Mosfellsbæjar var boðið upp á margar myndlistarsýningar 2012. Einnig var boðið upp á tónleika á vegum bæjarins eða einstaklinga. Listasalurinn var einnig lánaður undir ýmsa aðra menningar- og fræðsluviðburði.



### **Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn**

Mosfellsbær hefur gert samkomulag við Hótel Laxnes um rekstur upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn. Bókasafnið heldur þó áfram að hafa á boðstólum bæklinga um ferðaþjónustuaðila Mosfellsbæjar og um almenna ferðaþjónustu innanlands. Er það fyrst og fremst í þágu bæjarbúa og þeirra ferðamanna sem hingað slægjast.

### **Listasalur Mosfellsbæjar – myndlist – tónlist – fundir o.fl.**

Enn aukast umsvif Listasalar Mosfellsbæjar. Salurinn var að stærstum hluta í umsjón Gunnhildar Eddu Guðmundsdóttur hönnuðar í samvinnu við aðra starfsmenn safnsins. Fjöldi umsókna barst um sýningaraðstöðu í Listasalnum að vanda, en einungis var hægt að verða við óskum tæplega þriðjungs þeirra sem sóttu um. Myndlistarsýningar eru almennt mjög vel sóttar og spila salurinn og safnið mjög vel saman í allri starfsemi. Myndlistarmenn sem sýndu í Listasalnum 2012 voru: Kristinn G. Jóhannsson og Guðmundur Ármann, Vilborg Bjarkadóttir, Anna S. Gunnlaugsdóttir, Elín G. Jóhannsdóttir, Lilja Bragadóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, List án landamæra - samsýning, Ingibjörg Helga Ágústsdóttir, en hennar sýning var haldin á vegum Listasalarins. Var sýningin liður í að setja upp valdar sýningar sem höfðu sérstaklega til bæjarbúa Verkin voru handskorin úr tré og sóttu innblástur í íslenskar þjóðsögur.

Í tilefni 25 ára afmælis bæjarins 9. ágúst 2012, var samsýning fyrirverandi bæjarlistarmanna, „Moskóvítar“. Sýnendur voru Steinunn Marteinsdóttir, Sigurður H. Þórólfsson, Inga Elín og Ólöf Oddgeirsdóttir.

Samsýning Hugleiks Dagssonar og Arnar Tönsberg var skipulögð af Listasal Mosfellsbæjar með það í huga að ná til unglunga í bænum. Hildur Halblaub var sýningarstjóri. Nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla Mosfellsbæjar bættu síðan við verkum tengdum sýningunni.

Nemendatónleikar Listaskóla Mosfellsbæjar eru fastir liðir í starfsemi Listasalarins og hélt Listaskólinn nemendatónleika sína í salnum í haust.

Á vegum bæjarins voru haldnir alls kyns fundir og námskeið í Listasal og/eða Bókasafni. Öll svið bæjarins héldu kynningar- og fræðslufundi eða námskeið fyrir íbúa bæjarins, bæjarstarfsmenn og aðra. Móttökur bæjarins í Bókasafninu voru af ýmsu tagi og stærðargráðu.

Jólabasar eldri borgara og sýning tréútskurðar var í Listasal og Bókasafni eins og áður er getið.

Leikisýningar, rithöfundakynningar og aðrar uppákomur fyrir börn og unglunga voru í Listasalnum, sbr. barna- og unglिंगastarf.

25 ára afmæli bæjarins var haldið með pompi og prakt í Bókasafni og Listasal á afmælisdeginum 9. ágúst. Hátíðarfundur bæjarstjórnar var í Bókasafninu og „Moskóvítar“, samsýning myndlistarmanna sem valdir hafa verið bæjarlistamenn Mosfellsbæjar var opnuð í Listasalnum.

Ýmis félög héldu fundi og fræðsluerindi í Listasal og Íþróttá- og tólmstundaráð veitti þar viðurkenningar til íþróttamanna. Í sýningarskápum safnsins hefur almenningi gefist kostur á að sýna ýmsa muni.

## Vinabæjamál

Um árabíl hefur umsjón með vinabæjasamstarfi bæjarins verið á herðum Bókasafnsins. Helga Jónsdóttir hefur verið verkefnisstjóri þessa málaflokks og unnið með Félagsmiðstöð og Norræna félaginu að framkvæmdum með fulltingi Björns Þráins Þórðarsonar sviðsstjóra.

Vinabæjamót eru haldin annað hvert ár til skiptis í vinabæjunum. Í júní varmótið haldið mót í Skien í Noregi og tókst vel. Fulltrúar bæjarins á mótinu voru forstöðumaður menningar sviðs, forstöðumaður tæknisviðs, tengiliður/verkefnisstjóri vinabæjasamstarfs, bæjarfulltrúi og forstöðumaður Bókasafns, 6 unglingar og farastjóri með þeim.

Samþykkt var á vinnufundi í Skien haustið 2011 að leggja niður unglिंगaverkefni vinabæjanna og stofna nýtt. Verkefnið hafði þá verið starfrækt í 20 ár. Öllum unglिंगum í 8. bekk hafa verið send umsóknareyðublöð árlega og boð um þátttöku. 8 krakkar tóku árlega þátt og hóstu gest frá einum vinabæjanna. Árið eftir fengu þeir tækifæri til að fara sjálfir utan til þátttöku. Unglingarnir sem fóru á vinabæjamót í Skien 2012 voru þátttakendur í verkefninu hér heima 2011.

Framvegis verður haldið eins konar smækkað vinabæjamót unglinga árlega og skiptast bæirnir á. Allt að 8 verða frá hverjum bæ og með þeim einn fullorðinn fararstjóri. Þau gista öll saman í eins konar búðum. Unglिंगaverkefnið verður í Thisted 15.-19. júní 2013.

Nýtt form var á vinabæjamótinu 2012. Frá því 1992 hefur verið reynt að skipta þátttakendum í hópa eftir áhuga-/starfssviði. Þátttakendur hafa fyrst og fremst verið pólitíkúsar bæjanna og embættismenn. Í Skien 2012 var haldin ráðstefna sem allir sóttu. Ráðstefnan var ágæt og gagnleg, en ákveðinn missir að samskiptum og umræðum í minni hópum.

Ákveðið var að fella niður vinnufund að hausti það ár sem vinabæjamót er haldið og var því enginn haustfundur 2012. Þessi ákvörðun var tekin í sparnaðarskyni og fundur í lok vinabæjamóts látinn nægja. Vinnufundur er ráðgerður í Thisted 4.-6. september 2013.

## Starfsmenn

Allir starfsmenn sinna afgreiðslu ásamt sérverkefnum sínum, þar með talinn umsjónarmaður Listasalar.

Fastráðnir starfsmenn voru sjö í 5,45% stöðugildum Þeir voru Ásdís Guðmundsdóttir, Gunnhildur Edda Guðmundsdóttir, Helga Jónsdóttir, Helga Elisabet Jónsdóttir, Jóna Guðmundsdóttir, Jóna Margrét Guðmundsdóttir og Marta Hildur Richter forstöðumaður safnsins.

Sumarafleysingar og tímavinna: Viktor Weissshappel Vilhjálmsson, Hildur Jörundsdóttir, Pétur Gunnarsson og Inga Rún Helgadóttir.

Forstöðumaður var í fullu starfi. Tveir bókasafnsfræðingar, annar í fullu starfi og hinn í hálfu starfi, sinntu tengingu og skráningu í Gegni og upplýsingaþjónustu.

Kennaramenntaður umsjónarmaður barna- og unglिंगastarfs var í fullu starfi og tveir þjónustufulltrúar samtals í 130% starfi. Menntaður hönnuður í 65% starfi sá um Listasalinn. Námsmenn í tímavinnu voru í samtals 20% starfi.

### **Fundir og námskeið**

Starfsmannafundir voru mánaðarlega á árinu og telja starfsmenn þá ómissandi þátt til upplýsingar, fræðslu og tjáskipta.

Í byrjun september héldu starfsmenn bókasafnsins eins dags vinnufund í Garðabæ.

Þessir vinnufundir að hausti eru afar gagnlegir í undirbúningi fyrir vetrarstarfið.

Fundurinn stóð frá kl. 08-18. Að honum loknum snæddu starfsmenn saman á veitingastað og slógu á léttu strengi áður en haldið var heim.

Sótt voru námskeið í notkun Gagnis hjá Landskerfi bókasafna og fræðslufundir

Upplýsingar. Sameiginlegur fundur var á Seltjarnarnesi með starfsmönnum safnsins þar og starfsmönnum úr Bókasafni Reykjanesbæjar. Forstöðumaður safnsins sótti tveggja daga fund Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna í Hveragerði í maí.

### **Starfsþróunarsamtöl**

Í október tók forstöðumaður starfsmenn í viðtöl. Er það í fimmta sinn á jafn mörgum árum. Rædd voru ýmis mál og starfsmenn virtust sáttir við starfið, aðstöðuna, aðra starfsmenn safnsins og sig sjálfa. Forstöðumaður er mjög ánægður með starfsmenn safnsins.

Í heildina litið var árið 2012 gott ár í sögu Bókasafns Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær í janúar 2013

Marta Hildur Richter forstöðumaður

Bókasafns Mosfellsbæjar og

Listasalar Mosfellsbæjar